

1862.

11. aprílm.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptisyfirvaldanna á Íslandi, um fê, er verja megi til nýársgleði handa vinnumönnum prentsmiðjunnar í Reykjavík.

Frá annari af skrifstofum þeim, þar sem rannsakadir eru reikningar í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 5. athugagrein við reikninginn yfir tekjur og gjöld stiptsprentsmiðju Íslands fyrir árið 1859, til þess stjórnarráðið skyldi skera úr því atriði, sem í grein þessari hafði verið að fundið, að þetta ár höfðu verið greiddir úr sjóði prentsmiðjunnar 14 rdl, til hátíðagleði um nýárið handa vinnumönnum hennar, og hefir það verið talið ákjósaulegt, ef stjórnarráðið annars fællist á að fê þessu hefði verið þannig varið, að það þá yrði fast ákveðið, hversu miklu fê framvegis megi verja úr sjóði prentsmiðjunnar í þessu skyni.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það reikningshaldara prentsmiðjunnar, að útásetning sú, sem hér er um rætt, má burt falla, og að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, þá er þér gjörðuð í bréfi 17. maím. f. á., um að gjöld þessi framvegis verði þannig ákveðin, að þau ekki fari fram úr 2 ríkisdöllum fyrir hvern mann.

10. maím.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu á Íslandi, um þýðing á ýmsum ákvörðunum í tilsk. 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi.

Þaræð þér voruð í efa um, hvernig skilja ætti ýmsar ákvarðanir í tilskipun 15. marzm. f. á. um vegina á Íslandi, hafði þér beðið dómsmálastjórnina að svara spurningum þeim, er nú skal greina:

1. Hvenær tilskipunin eigi að fá lagagildi.
2. Hvernig að skuli farið til að viðhalda þjóðvegum þeim, sem

1862.

10. maím.

- nú eru, svo færir sèu, þangaðtil búð er að gjöra við þjóð-
vegina samkvæmt ákvörðunum tilskipunarinnar.
3. Hvernig skilja eigi ákvörðunina í 14. gr. um merki eður stalla, er setja skuli á vörður uppi á fjallvegum.
 4. Hvort skoðunarmenn þeir, sem um er rætt í 15. gr., eigi að fá borgun þá, sem ákveðin er í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830, fyrir skoðunargjörð sína, og hvort sýslumaður eigi að fá slíka borgun fyrir að út nefna þá og taka eið af þeim.
 5. Hvað skilja eigi við verkfæran mann í 16. grein, og hafið þér látið það álit í ljósi, að orð þetta ætti við um sérhvern, sem getur unnið verk eður er verkfær, og að því sérhver karlmaður, sem getur unnið fyrir fæði sínu, og yfir höfuð að tala sérhver karlmaður, sem er á þeim aldri, er lögin úskilja, og ekki þiggur af sveit, eigi að gjalda hálfst dagsverk.
 6. Hvern tíma eigi að taka til greina þegar til búin sè nafna-skrá sú yfir alla verkfæra menn í hreppnum, sem um er getið í 16. grein.
 7. Hvort amtmaður eigi að gjöra reikning fyrir vegabótagjaldi því, sem um er rætt í 17. grein m. m., og hvort gjald þetta sè sameiginlegur sjóður fyrir allt amtið.
 8. Hvort húsbóndi eigi ekki aðgang að hjúinu til endurgjalds, þegar hann samkvæmt ákvörðuninni í 18. grein borgar fyrir það, og ef svo er, hvort hann þá ekki megi halda fènu eptir af kaupi hjúsins.
 9. Hvort sýslumaður ekki, til þess að geta haft eptirlit með aukavegunum, svo sem boðið er í 28. grein, hafi rætt til að heimta af hreppstjórunum skýrslu um það, sem unnið hefir verið að vegum þessum, er hann eigi sjálfur getur litið eptir þeim öllum, og einnig uppástungu um, hvað vinna skuli að þeim næsta sumar á eptir, og loksins reikning yfir árlegar tekjur og gjöld sveitarsjóðanna bæði í peningum og skileyri.
- Um 1., 2., 3., 6. og 8. spurninguna skal skýrskotað til bréfs dóms-málastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-

1862.

10. maím.

umdæminu á Íslandi, sem dagsett er 28. febr. þ. á., og amtmanninum yfir vesturumdæminu var sent eptirrit af; er í því bréfi skýrt frá því, er með þarf um þessi atíði; en hinum öðrum spurningum yðar skal svarað á þessa leið:

Um 4. spurn.: Þessari spurning ber að játa.

Um 5. spurn.: Við orðin: »verkfæran karlmann« í 16. grein tilskipunarinnar ber að skilja sérhvern þann karlmann á þeim aldri, sem um er rætt, sem er fær um að vinna vanaleg vegabótastörf, hvort sem hann vinnur fyrir kaupi eður ekki, og hvort sem hann þiggur af sveit eður ekki; smbr. orðin: „í hverri stöðu sem hann er“.

Um 7. spurn.: Þó vegabótagjaldinu ekki sé safnað í einn sjóð sameiginlegan fyrir allt amtið, heldur sé það geymt hjá hverjum sýslumanni, þá er það þó að því leyti heild út af fyrir sig, að verja á því öllu til samans til þjóðveganna í amtinu, en ekki sérstaklega til þjóðveganna í hverri sýslu fyrir sig, því sem þar er galdið; smbr. áður greint bréf dómsmálastjórnarinnar 28. febr. f. á. (um 3. spurn.). Eptir því, hvernig málefni þessu hefir verið skipað, þarf ekki amtmaður að gjöra reikning fyrir vegabótagjaldinu, með því sýslumenn eiga að gjöra skil fyrir því, hvernig gjaldi þessu hafi verið varið.

Um 9. spurn.: Þó eigi sé það með berum orðum ákveðið í tilskipuninni, er það þó vitaskuld, að sýslumaður hefir rétt til að heimta af hreppstjórunum skýrslu um það, sem unnið hefir verið að aukavegunum; en hvað snertir hitt, er þér hafið um spurt, þá skal skýrskotað til fyrnefnds bréfs dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarm. þ. á., en eptir því, sem þar er frá skýrt, er svarið neitandi.

10. maím. **27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæjarsjóð.**

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, 7. marzm. þ. á. hefir dómsmálastjórninni borizt bænarskrá frá bæjarstjórninni í